

Ræða formanns Viðskiptaráðs

Tómas Már Sigurðsson

Forsætisráðherra, alþingismenn, félagar í Viðskiptaráði og aðrir góðir gestir – velkomin á Viðskiptaþing 2011.

Ég vil hefja þingið á því að biðja gesti að rísa úr sætum og minnst féлага okkar og vinar, Þórðar Friðjónssonar, sem féll frá í síðustu viku, langt fyrir aldur fram.

Þórður var um árabíl öflugur þátttakandi í starfi Viðskiptaráðs. Hann leiddi meðal annars vinnu Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífs um innleiðingu leiðbeininga um góða stjórnarhætti frá árinu 2004 og frá árinu 2008 sat hann í stjórn Viðskiptaráðs og var starfsemi ráðsins mikil stoð. Hann stýrði einnig efnahagshópi ráðsins sem settur var á laggirnar fyrir ári síðan. Við sem unnum með Þórði kynntumst góðum dreng sem starfaði af fagmennsku og heilindum. Við minnumst nú fallins féлага sem fékk miklu áorkað í þágu íslensks atvinnulífs og samfélagsins alls á of stuttri lífsleið. Nú er skarð fyrir skildi. Ég veit ég tala fyrir hönd okkar allra þegar ég votta aðstandendum Þórðar einlæga samúð á þessum erfiða tíma.

Titill skýrslunnar sem hér liggur frammi, Tökumst á við tækifærin – atvinnulíf til athafna endurspeglar vel þann kraft og jákvæðni sem við þekktum Þórð Friðjónsson af. Eins og svo mörg síðustu ár aðstoðaði Þórður við ritun skýrslu Viðskiptaþings, en hún er í ár tileinkuð minningu hans.

Kæru viðskiptaþingsgestir

Engum dylst hversu mikið verkefni það er að ná tökum á stjórn efnahagsmála eftir að íslensku bankarnir hrundu. Síðan þá eru liðin rúm tvö ár og enn er öll opinber umræða mörkuð af þessum atburðum og eftirmálum þeirra. Í sjálfu sér er það eðlilegt, áfallið var mikið og afleiðingarnar alvarlegar. Við þurfum að læra af þessari bitru reynslu og þeir sem brutu lög verða að horfast í augu við gerðir sínar. En við þurfum einnig að gera upp við þessa atburði. Uppgjör er forsenda þess að hægt sé að ná samfélagslegri sátt sem á er byggjandi. Skýrsla rannsóknarnefndarinnar, rannsókn sérstaka saksóknara, úttektir fjölmiðla og umræða manna á meðal er allt hluti af þessu uppgjöri. Og þrátt fyrir að stundum hafi umræðan verið með ofsa – og öfgakennd, og þó hún sé stundum ónákvæm og ósanngjörn, þá hefur okkur miðað áfram, við erum á réttri leið.

Viðskiptaráð hefur með gagnrýnum hætti farið yfir störf sín, orð og gerðir árin fyrir hrun. Við tókum afrakstur þeirrar vinnu saman og birtum yfirlýsingu þar sem við tíunduðum það sem við töldum að betur hefði mátt fara, hvar orðið hefðu á mistök og hvaða lærdóm við gætum dregið af þeim. Með þessu vill Viðskiptaráð leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að umræðan um hrúnið og orsakir þess, verði ekki æsingakennd öskurkeppni heldur rökræða sem byggja má á og nýtist þjóðfélaginu.

Nú höfum við haft rúm tvö ár til að gera upp, horfa um öxl og ræða um hvernig þetta gat gerst. Það var skiljanlegt að framan af ætti sú umræða hug okkar allan. En þó afturspeggillinn sé mikilvægur í hverjum bíl þá er framrúðan þó mikilvægari. Við verðum nú að beina öllum kröftum okkar að því að finna rétta braut. Og það sem meira er, við verðum að koma vélinni í gang. Framrúðan og bakspeggill hafa lítið gildi ef vélinn er stopp.

Verkefni eru næg það dylst engum og ég ætla að nefna nokkur:

Atvinnuleysið er ekki að minnka sem neinu nemur og þúsundir hafa flutt úr landi, nýjustu tölur sýna að langtímaatvinnuleysi er að grafa um sig í íslensku samfélagi og það er bæði dýrt og sárt að horfa á þúsundir vinnufúsra Íslendinga án atvinnu. Þessu verðum við að breyta. Fjárfesting atvinnulífsins er grunnur þess að ný störf verði til.

Stöðugleiki er forsenda þess að efnahagslífið komist á réttan kjöl, stöðugleiki er forsenda þess að fjárfesting komist aftur af stað. Stjórnvöld hafa með stefnu sinni aukið á óvissu og dregið úr stöðugleika. Nærtækt er að benda á þá óvissu sem ríkir í orkuviðnaði og sjávarútvegsmálum. Þessu verður að linna, vandinn vegna hrunsins er nægur, við þurfum ekki að bæta á hann.

Við búum við höft á íslensku krónunni. Framtíð krónunnar er óviss, enginn veit hvenær höftunum verður létt af og jafnframt er óvissa um hvernig stjórn peningamála verður háttáð eftir höft.

Það hefur gengið of hægt að vinna úr skuldavanda fyrirtækja og einstaklinga í bankakerfinu. Skuldum hlaðin fyrirtæki fjárfesta ekki og ofskuldsett heimili munu fyrr en síðar draga verulega úr neyslu.

Skattar hafa hækkað á fólk og fyrirtæki. Ekki bætir úr skák að óvissan um skattastefnuna er mikil, þó því miður verði að segja sú óvissa er öll í eina átt. Fáir óttast að skattarnir lækki. Jafnframt vekur furðu hversu lítið hefur verið hlustað á sjónarmið atvinnulífs af þeim sem setja lög og reglur um skatta. Margar skattabreytingar eru illa ígrundaðar og valda skaða í atvinnulífinu og um leið samfélaginu í heild.

Vandi ríkissjóðs verður ekki leystur með hærri sköttum. Tekjur hans verður að auka með aukinni veltu í samfélaginu, fleiri störfum í einkageiranum og vaxandi kaupmætti. Þar fær ríkissjóður sitt. Hærri skattar draga úr veltu, minnka kaupgetuna og gera öllum erfiðara fyrir, líka ríkissjóði þegar upp er staðið. Niðurskurður ríkisútgjalda í stað skattahækkana verður að vera leiðarstefið við rekstur ríkissjóðs.

Allt eru þetta verkefni sem ráðast þarf í og finna lausn á. Margt fleira má auðvitað tína til, en á þessum málum öllum þarf að taka. Ef við leysum þau ekki er hætta á langvarandi atvinnuleysi, auknum atgervisflótti og langvinnri og erfiðri varnarbaráttu íslensks samfélags.

Viðskiptaþing 2011

Viðskiptaráð hefur viljað leggja sitt af mörkum í þessari umræðu. Það hefur meðal annars verið gert með því að birta skýrslur og samantektir á hugmyndum um nokkur viðamikil mál sem kalla á brýna úrlausn. Ég nefni hér sem dæmi:

- Árið 2008 fjallað Viðskiptaþing um valkosti í peningamálum í skýrslunni Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull
- Og árið þar á eftir var rætt um aðdraganda, orsakir og viðbrögð við íslensku fjármálakreppunni undir yfirskriftinni Endurreisn haqkerfisins: Horft til framtíðar.
- Í fyrra gerði Viðskiptaþingi svo framtíðargrundvelli atvinnurekstrar ítarleg skil með skýrslunni Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?
- Og á Viðskiptaþingi í fyrra var einnig kynnt ítarleg úttekt á opinberum fjármálum í skýrslunni Fjármál hins opinbera: Aðrar leiðir færar

Viðskiptaráð hefur auk þess fjallað um þau efnahagsvandamál sem efst eru á baugi á öðrum vettvangi. Einkum hefur mikil vinna verið lögð í vandaða umfjöllun um ríkisfjármálin, má þar nefna að á fyrri hluta árs 2008 kom út skýrslan Útbensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur og nú síðast sameiginlega skýrslu Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins Skattkerfi atvinnulífsins: fjárfesting, atvinna, lífskjör.

Góðir gestir

Í aðdraganda þessa þings var unnin skoðanakönnun fyrir Viðskiptaráð á meðal forystumanna í íslensku atvinnulífi. Við vildum kynnast viðhorfum þeirra til ýmissa mála, hvar tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar lægju og hvað stæði í vegi fyrir því að okkur tækist að nýta þau. Það er umhugsunarefni að níu af hverjum tíu stjórnendum sem spurðir voru nefndu stjórnvöld og stefnu þeirra, einkum í skattamálum, sem helsta þröskuld í vegi fyrir endurreisn efnahagslífsins.

En þó stjórnvöld séu gagnrýnd fyrir stefnu sína þá eru stjórnendur fyrirtækja gagnrýnir á sjálfa sig og sín eigin störf. Augljóst er að sá álitshnekkir sem atvinnulífið hefur orðið fyrir gerir endurreisnina erfiðari. Nauðsynlegt er fyrir atvinnulífið að horfast í augu við þessa staðreynd og bæta úr.

Slíkt verður ekki gert nema með samstilltu átaki og þrotlausri vinnu. Síðastliðið sumar hélt Viðskiptaráð svo kallað Umbótaþing þar sem þátt tóku um 100 félagar ráðsins. Þar kom fram mjög skýr vilji til þess að atvinnulífið styddi með afgerandi hætti við bættu stjórnarhætti og aukið gegnsæi í viðskiptalífinu. Þetta kemur einnig fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar ráðsins nú.

Viðskiptaráð hefur brugðist við þessu með því að setja fram nokkrar hugmyndir og tillögur sem nýst gætu atvinnulífinu öllu við að byggja aftur upp traust. Í því sambandi vil ég nefna:

- Endurnýjuð og viðameiri útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gerir ríkari kröfur til stjórnenda fyrirtækja á öllum sviðum

Viðskiptaþing 2011

- Formleg úttekt á stjórnarháttum fyrirtækja í samstarfi við Rannsóknarsetur um stjórnarhætti við Háskóla Íslands, Kauphöll og Samtök atvinnulífsins.
- Fyrirtækjagátt á vefsíðu Viðskiptaráðs þar sem ætlunin er, í samstarfi við atvinnulífið, að gera lykilupplýsingar um stærstu fyrirtæki landsins aðgengilegar öllum. Þar mun stjórn Viðskiptaráðs ganga á undan með góðu fordæmi og þegar hafa nokkur fyrirtæki verið skráð í gáttina. Vil ég sérstaklega hvetja forsvarsmenn fyrirtækja til að taka framtakinu, sem við höfum sjálf kallað eftir, vel. Og;
- Með stofnun Efnahagsstofu atvinnulífsins er svo markmið að að bæta öflun og miðlun upplýsinga um stöðu hagkerfis og atvinnulífs, en þar væntum við aðkomu fleiri atvinnulífssamtaka, fyrirtækja og menntastofnana.

Allt eru þetta tillögur sem nýta má til umbóta í atvinnulífinu. En rétt er að ítreka, að hér skiptir mestu að allir þeir sem standa í forystu í viðskiptalífs hagi störfum sínum þannig að þau skapi traust. Hér er ekkert smá mál á ferðinni. Traust er ein megin stoð efnahagsstarfseminnar - traust á orðum manna og gerðum samningum, traust á dómstólum og réttarríkinu og traust á stjórnvöldum. Efnahagslegar afleiðingar þess að traust ríki ekki eru mjög alvarlegar, kostnaðurinn er gríðarlegur. Það er því til mikils að vinna.

Góðir viðskiptaþingsgestir

Vissulega er það svo að hér hefur mikið gengið á og við ærin vanda að etja. En það þarf ekki að fara langt til þess að sjá að staða mála hér á Íslandi er fjarri því að vera vonlaus. Miklu heldur, þá eru framtíðarhorfur okkar mjög góðar, sé rétt haldið á málum. Og jafnvel nú, í miðjum átökunum við afleiðingar hrunsins þá er staða okkar í alþjóðlegum samanburði um margt góð. Þetta má sjá af samantektinni hér á bak við mig.

Á þessari stöðu er byggjandi. Við höfum allar forsendur fyrir öflugri sókn og þar með betri lífskjörum fyrir alla Íslendinga.

Viðskiptaþing ársins 2011 er helgað þessari sókn.

Yfirskrift þingsins **Tökumst á við tækifærin – atvinnulíf til athafna** er herhvöt, áskorun um að láta ekki deigan síga, heldur grípa þau fjölmörgu tækifæri sem landið og auðlindir þess hafa upp á að bjóða.

Þegar Jón Sigurðsson forseti hvatti þjóðina til dáða með Hugvekju sinni til Íslendinga hóf hann mál sitt á tilvitnun í Bjarkamál hin fornu

Dagur er upp kominn
dynja hana fjaðrar
mál er vílmögum
að vinna erfiði.

Viðskiptaþing 2011

Þessi hvatning Jóns á ekki síður við nú en fyrir einni og hálfri öld. Það er erfiði sem þarf að vinna. Það þarf að láta verkin tala. Undir er efnahagsleg velferð, í raun efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Hvatning Jóns á erindi til allra kynslóða Íslendinga, en við eigum að taka hana alveg sérstaklega til okkar.

Kæru vinir

Í skýrslu Viðskiptaráðs er undirstrikað að auðlindir Íslands, náttúra landsins, hafið og orkan eru undirstaða efnahagsstarfseminnar. Á grunni þeirra er stærstur hluti verðmætasköpunar landsmanna og þaðan sprettur mikilvæg nýsköpun. En þó að auðlindirnar séu mikilvægar þá er mannauðurinn mikilvægastur. Auðlindir verða verðmætar í krafti þekkingar, vísinda og framtaks. Án mannvits verður harla lítið úr öllu, bókvitið verður í askana látið.

Með samvinnu fyrirtækja á ólíkum sviðum og samnýting þekkingar aukast möguleikar okkar á að nýta auðlindir og það samkeppnisforskot sem þær gefa okkur. Skýrsla Viðskiptaráðs leggur þunga áherslu á mikilvægi slíkrar samvinnu.

Og þannig er það. Góð samvinna á sviði rannsókna og mennta í atvinnulífinu leysir úr læðingi mikil verðmæti, samvinna og samkeppni þrífast ágætlega saman. Góð samvinna atvinnulífs og stjórnvalda drepur úr dróma höft og hindranir sem koma í veg fyrir bætt lífskjör þjóðarinnar.

Hér á eftir munu nokkrir forystumenn úr íslensku efnahagslífi ræða þá möguleika sem við eigum til að efla hag landsins til langrar framtíðar. Ég vil þakka þeim þeirra framlag og jafnframt vil ég færa starfsfólki Viðskiptaráðs mínar bestu þakkir fyrir undirbúning þessa þings og fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í þessa skýrslu sem hér verður til umræðu.

En góðir Viðskiptaþingsgestir. Ég ætla að lokum að leyfa mér að vitna aftur í áhrifamann í íslensku þjóðlífi á nítjándu öld. Jónas Hallgrímsson hvatti þjóðina til samstöðu til eflingar landsins í tímaritinu Fjölni árið 1835.

„Óskandi væri að Íslendingar færu að sjá, að það er aumt líf og vesælt að sitja sinn í hvarju horni og hugsa um ekkert nema sjálfan sig og slíta svo sundur félag sitt og skipta sundur afli sínu í svo marga parta, sem orðið getur - í stað þess að halda saman og draga allir einn taum og hugsa fyrst og fremst um heiður og velgengni landsins, sem öllum góðum Íslendingum ætti þó að vera í fyrirrúmi.“

Þessi hvatning á að vekja okkur öll - atvinnulíf, stjórnvöld, fjölmiðla og fjölskyldur - til umhugsunar um mikilvægi þess að standa saman og finna í sameiningu lausn á þeim vanda sem við er að etja. Við skulum standa saman og takast á við tækifærin - ef við berum gæfu til að grípa þau er enginn vafi á að Íslandi mun vegna vel.